



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR



Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

## STAÐARREGLUR FYRIR FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

1.gr.

Reglur þessar gilda fyrir Flugstöð Leifs Eiríkssonar ásamt lóð og bílastæðum.

2.gr.

Almenningi er frjálst umferð um opin svæði, s.s. bílastæði, innritunar- og komuskála ásamt biðsvæði, tengigangi og veitingaaðstöðu.

3.gr.

Bannað er að aðhafast nokkuð sem veldur öðrum ónæði. Enginn má sýna öðrum áreitni eða sýna af sér ósæmilegt háttarni.

4.gr.

Fólki er skylt að segja til nafns síns og heimilis, og gera grein fyrir erindum sínum, þegar lögregla eða öryggisvörður krefst þess og hlýða fyrirmælum þeirra.

5.gr.

Öllum ber að ganga vel um. Þess skal gætt að ganga ekki yfir eða skemma á annan hátt grasfleti, blómabeð og limgerði. Bannað er að slíta upp blóm eða annan gróður.

6.gr.

Óheimilt er að auglýsa, nema með leyfi Keflavíkurflugvallar ohf.

7.gr.

Leyfi Keflavíkurflugvallar ohf. þarf til að stunda hvers konar atvinnustarfsemi, bæði tímabundna og til lengri tíma, þ.m.t. myndatökur, útleiga bílaleigubíla og útleiga gistingar.

8.gr.

Öllum starfsmönnum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar er skylt að bera auðkennisspjald, sem skal vera vel sýnilegt við störf, útgefið af flugverndarsviði Keflavíkurflugvallar ohf.

9.gr.

Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi eða þjónustu bönnuð, nema með leyfi Keflavíkurflugvallar ohf.

10.gr.

Dýrahald er bannað. Bannið tekur þó ekki til löggæsluhunda og fylgdarhunda sjónskertra.

11.gr.

Lögreglu og öryggisvörðum er heimilt að banna mönnum að hafast við í byggingunni og á lóð hennar ef þeir telja þá geta valdið óþægindum eða hættu. Óheimilt er að dvelja í flugstöðinni á tímabilinu frá kl. 20:00 – 05:00 nema nauðsyn krefji. Almenningi er bannað að stunda matseld í byggingunni eða á lóð hennar.

12.gr.

Reykingar eru bannaðar í flugstöðinni, nema á sérmerktum svæðum.

Keflavíkurflugvelli, 2. júlí 2009

Björn Óli Hauksson,  
forstjóri Keflavíkurflugvallar ohf.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir  
lögreglustjórinn á Suðurnesjum